



Það er ekki nóg að miða, þú þarft að hitta



Jón Garðar Hreiðarsson
ráðgjafi hjá KPMG

Reyndu ekki að fljúga áður en þú færð vængi

„Hér er ég, frumkvöðull. Ég á næstum því ekkert. Enga peninga og lítið sem ekkert lánstraust. Og verkefnið er krefjandi: Ég þarf að fá fólk til að skilja hver ég er, um hvað viðskiptahugmyndin snýst og hvað ég hef að bjóða. Ég þarf ekki bara að selja vöruna mína eða þjónustuna, ég þarf einnig að selja hugmyndina til þeirra sem ég vil fá til að vinna með mér, fólk sem ég vil jafnvel fá til að skipta um starfsvettvang. Ég þarf einnig að selja hana til þeirra sem ég vil að fjárfesti í fyrirtækinu eða til bankans sem ég vil fá lánstraust hjá.“

Váá!!

Já, það er von að mörgum vaxi þetta í augum, en það er kannski ekki það versta. Verra er ef þetta verður til þess að menn hætti við allt saman og góðar hugmyndir komist aldrei í framkvæmd.

Lýsingin hér að ofan er ekki algild en hún lýsir kannski stöðu margra með góðar hugmyndir. Þessar aðstæður og breytt rekstrarumhverfi þar sem aukinn hraði kallar á hraðari, en á sama tíma varfærnari, ákvarðanatöku, gera það að verkum að viðskiptaáætlun er nánast orðið eina vegabréfið að fjármagni. Sem slíkar geta þær því ráðið lífi eða dauða hugmynda. Hér kemur Nýsköpun 99 til sögunnar.

Góð viðskiptahugmynd velur sér ekki húsbónda

Viðskiptahugmynd verður ekki alltaf til

þar sem auðvelt er að framkvæma hana. Saga eða staða einstaklinga eða fyrirtækja segir ekkert til um sigurvegara morgundagsins, eins og sagan af Abraham Lincoln ber vitni um. Það er því kjörið að nota viðskiptaáætlunina til að sannreyna eins og kostur er hugmyndina og möguleika hennar. Ef það eru mistök að hrinda henni í framkvæmd, gefst ekki betra (síðasta) tækifæri til þess að sannreyna það en í áætluninni. Afleiðingarnar eru mun vægari ef mistök eru „gerð“ í skýrslunni í stað þess að raunveruleg mistök eigi sér stað í framkvæmdinni.

Að auka árangursmöguleika og raunsæi með lágmarks áhættu

Nýsköpunarsjóður, Morgunblaðið, Viðskiptaháskólinn og KPMG ákváðu fyrr í vetur að beita sér fyrir aukinni nýsköpun og frumkvæði í þjóðfélaginu. Í þeim tilgangi var ákveðið að efna til almennrar samkeppni um gerð viðskiptaáætlana með það að markmiði:

- * Að hvetja til nýsköpunar
- * Að bæta röksemdafærslu í áætlunum
- * Að bæta skipulagða framsetningu áætlana

Hlutverk viðskiptaáætlunar er í raun margþætt. Oftast er meginhlutverk þeirra að afla fjármagns til nýsköpunar í einu eða öðru formi. Hér getur verið um að ræða nýjar vörur eða þjónustu eða nýjar aðferðir við að framleiða eða selja vöru eða þjónustu. Í viðskiptaáætlun er reynt að færa saman þau tvö orð sem sjaldan sjást í sömu setningunni - nýsköpun og öryggi - áður en að framkvæmd kemur. Allar hliðar hugmyndaþinginnar eru því skoðaðar á kerfisbundinn máta.

Allir í sömu átt

Samstarf ofangreindra aðila gerðu markmið samkeppninnar aðgengileg en

Efni blaðsins:

-1

Hvar byrjar framtíðin ? - 3

Frá Menntunarnefnd FLE - 5

IASC fagnar sögulegu ári - 6

Frá stjórn FLE - 7

Viðhorfskönnun stjórnenda fyrirtækja til endurskoðenda - 8 - 9

Fréttir frá ýmsum samtökum endurskoðenda - 10

Golf FLE - 11

Framkvæmdastjórnarskipti hjá FLE - 12



Fá stórmenni hafa upplifað eins mikla stöðuga ósigra áður en þeir unnu stórsigur og þessi einstaklingur.

* Gafst upp á rekstri fyrirtækis 1831

* Bauð sig fram í stjórnmálum og tapaði 1832

* Gafst aftur upp á rekstri fyrirtækis 1834

* Unnustan lést 1835

* Fékk taugaáfall 1836

* Tapaði öðru pólitísku kapphlaupi 1838

* Tapaði þingkosningum 1843

* Tapaði þingkosningum 1846

* Tapaði þingkosningum 1848

* Tapaði kosningum til öldungadeildar 1855

* Tapaði baráttu um varaforsætaembætti 1856

* Tapaði kosningum til öldungadeildar 1858

Maðurinn var Abraham Lincoln, sem kosinn var 16. forseti Bandaríkjanna 1860.

Louise E. Boone

leiðirnar urðu að vera óhefðbundnar. Í fyrstu var mikilvægt að ná athygli almennings og þar næst þurfti með einhverjum hætti að stuðla að réttum vinnubrögðum þátttakenda við áætlanagerðina. Því var samkeppnin sett upp með nokkuð öðru sniði en áður hefur tíðkast. Eftir almenna kynningu og afhendingu leiðbeininga höfðu þátttakendur um tvo mánuði til að skila áætlunum, en á þeim tíma stóð þeim tvíþættur stuðningur til boða í formi námskeiða og spjallfunda.

Pekkingu á ferlinu miðlað

Þrjú námskeið voru haldin í Viðskiptaháskólanum í umsjón sérfræðinga skólans og KPMG og fjölluðu þau á breiðum grunni um tilgang með gerð viðskiptaáætlana, ferillinn við að búa áætlunina til og með hvaða hætti henni er beitt til að afla fjármagns í framkvæmdina.

Á fyrsta hluta námskeiðsins kynntust þátttakendur einföldu ferli við að veruleikaprófa hugmyndina áður en vinna við sjálfa áætlunina hæfist. Það er ekki nóg að hugmynd sé góð, það þarf einhver að vilja hana, og það er ekki nóg að einhver vilji hana, viðkomandi verður líka að geta keypt hana. Og ef allt þetta gengur upp verður hugmyndasmiðurinn að sjálfsögðu að geta framleitt hana.

Annar og þriðji hluti námskeiðsins fjallaði um áætlanagerðina, fyrst allar forsendur að rekstrar- og fjárhagsáætlun og að lokum var rekstrar- og fjárhagsáætlun sett upp. Sérstök umfjöllun var einnig um fjármögnun og samskipti við fjárfesta.

Spjallfundir til stuðnings

Að loknum námskeiðum var þátttakendum boðið að taka þátt í spjallfundum í Viðskiptaháskólanum þar sem aðstandendur keppinnar mættu auk ýmissa gesta, t.a.m. frumkvöðla sem höfðu náð árangri. Á fundunum gafst þátttakendum færi á að leita ráða hjá sérfræðingum eða einfaldlega að hitta aðra þátttakendur og bera saman bækur sínar.

Með þessu móti, þ.e. með námskeiðum, spjallfundum og veglegum, verðlaunum vonuðust aðstandendur keppinnar eftir því að ávinningur allra þátttakenda yrði einhver, þó fáir þeirra ynnu til verðlauna,

og að auknar líkur yrðu á því að viðskiptaáætlanir verði í framtíðinni unnar á sömu forsendum og á sambærilegan hátt.

Fjárfestir fyrsti viðskiptavinurinn

Viðskiptaáætlun er ekki eingöngu sett upp til að útfæra og kanna möguleika hugmyndar. Með því að ganga ferillinn rétt og af samviskusemi eykst sjálfstraustið og vissan, en gott sjálfstraust er nauðsynlegt eigi að takast að selja öðrum hugmyndina. Fjárfestar sjá vel ef sjálfstraustið er fyrir hendi, en fátt er eins augljóst og þegar það vantar.

Á sama tíma og sjálfstraustið eykst dregur ferlið úr áhættunni og gerir bæði valið á mögulegum fjárfestum og nálgunina við þá markvissari.

Það er eitt að gera viðskiptaáætlun og annað að koma hugmyndinni í framkvæmd. Hér fyrir á árum var erfiðara að finna fjárfesta, leiðirnar voru færri og sjónarmið fjárfesta önnur þar sem fjárfestingar í föstum eignum voru algengar. Nú eru möguleikarnir fleiri, bæði þeirra sem þurfa fjármagn og þeirra sem eiga fjármagn. Nú orðið er meiri áhersla á að fjárfesta í því fólki og þeirri þekkingu sem býr að baki viðskiptahugmyndinni.

Það eru því ekki einungis tölurnar eða niðurstaða áætlunarinnar sem máli skipta í ákvörðun fjárfesta. Hvernig hún er unnin, á hvaða atriðum hún tekur og hvernig hún er kynnt skiptir oft ekki minna máli, enda meta fjárfestar oft á tíðum getu og hæfni einstaklinga út frá því hvort þeir geti:

* Byggt upp og skiptulagt

* Stjórnað og rekið fyrirtæki

* Miðlað upplýsingum

Óhætt er að álykta að samkeppnin hafi haft jákvæð áhrif á íslenskt þjóðfélag. Á sjöunda hundrað sóttu sér kynningar-gögn, um 450 manns sóttu námskeiðin og í keppnina bárust 82 áætlanir. Þrátt fyrir það að viðskipta-áætlun sé góð er hún hvorki trygging né skilyrði fyrir fjármagni eða áhuga fjárfesta. Góð viðskiptaáætlun eykur hins vegar líkurnar á því að hugmyndasmiðurinn nái að gera hugsun sína að veruleika til hagsbóta fyrir sig og væntanlega fjárfesta.



Hvar byrjar framtíðin?



Umhverfisstjórnun og græn reikningsskil

Hjörleifur Pálsson, endurskoðandi hjá Deloitte & Touche endurskoðun hf.

Fljótt á litið virðast umhverfisstjórnun og græn reikningsskil ekki koma okkur mikið við, hljómar frekar sem einhvers konar framtíðarhjal. Margt bendir hinsvegar til að þessi framtíð sé komin. Fyrir þrjátíu árum þótti ekki tiltökumál að fleygja sælgætisbréfum og rusli út um bílgluggann en slíkt veur athygli í dag. Viðhorfin breytast og margt af því sem okkur þykir sjálfsagt í daglegu lífi á vinnustöðum og heimilum nú mun þykja fíranlegt á morgun. Veltum við t.d. fyrir okkur spurningum eins og þessum í okkar rekstri:

Hvað verður um ónýta tölvubúnaðinn ?

Úr hvaða trúategundum eru húsgögn og innréttingar ?

Eru skaðleg efni í málningunni sem notuð er ?

Eru notuð skaðleg ræstiefni ?

Er ljósrítad bádum megin á blöð og notaðir prentarar sem prenta bádum megin ?

Kaupum við umhverfisvænan pappír ?

Notum við tölvusendingar í stað fax- og póstsendinga ?

Prentum við kynningarefni og skýrslur eða birtum þær á netinu ?

Hugsum við um að spara rafmagn og fara vel með heitt vatn ?

Er hægt að draga úr akstri til og frá vinnustað ?

Þetta eru dæmi um spurningar sem gætu vaknað við umhverfisstjórnun í skrifstofurekstri. Tengsl þessara spurninga

við umhverfið eru í flestum tilfellum ljós og snúa að áhrifum á lífsgæði eins og loft, vatn, jarðveg og landslag.

Umhverfisstjórnun fjallar um að:

Marka stefnu í umhverfismálum.

Finna hvaða þættir í rekstrinum hafa mest umhverfisleg áhrif og mæla þá.

Setja markmið og vinna að bættum árangri.

Gera skipulega grein fyrir niðurstöðum.

Málið er að taka umhverfisþáttinn með í reikninginn og breyta sjónarhorninu aðeins. Árangur við umhverfisstjórnun hefur oftast en ekki sparnað í för með sér frekar en útgjöld. Stjórnendur fyrirtækja eru að átta sig á því að ímynd í umhverfismálum er öflugt markaðstæki og að þeir sem ekki ná árangri munu fara halloka í samkeppni. Þar sem umhverfisstjórnun gerir ríkar kröfur til aðfanga verður til órjúfanleg keðja í viðskiptum sem leiðir af sér markaðs-ávinning fyrir þau fyrirtæki sem standa sig vel og ná forskoti á þessu sviði.

Þegar greint er frá fjárhagsstöðu og árangri í rekstri fyrirtæka eru notaðar staðlaðar aðferðir, ársreikningar, stundum vottaðir og stundum ekki. Á sama hátt er mikilvægt að greina frá umhverfismálefnum fyrirtækja á rökréttan og skipulegan hátt. Þar koma svokölluð græn reikningsskil eða umhverfisskýrslur til sögunar. Græn reikningsskil geta verið allt frá því að vera hluti af umfjöllun í ársskýrslu fyrirtækja og upp í sérstakar skýrslur sem eingöngu snúast um markmið, mælingar og árangur í umhverfismálum. Efnistöð umhverfisskýrslu geta t.d. verið:

Inngangur, ávarp og almennar upplýsingar um fyrirtækið eða stofnunina

Hverjum er hún ætluð, til hvaða rekstrarþátta nær hún, hvaða umhverfisþættir eru teknir fyrir, hvernig var gagna aflað og hver er nákvæmni ?

Hverjir unnu skýrsluna ?

Umhverfisstefna og markmið.

Mikilvægir umhverfisþættir.

Hvaða þættir ?

Af hverju eru þeir mikilvægir ?



Verkefni eins og græn reikningsskil leiða hugann að því að hefðbundinn ársreikningur er aðeins eitt sjónarhorn, af mörgum mögulegum, til að skoða og meta árangur af rekstri fyrirtækis. Við sjónarrönd eru e.t.v. fleiri gerðir reikningsskila, t.d. mannaúds-reikningsskil þar sem reynt er að gera á skipulegan hátt grein fyrir þeirri mannlegu þekkingu og hæfni sem fyrirtæki hefur yfir að ráða.

Hvaða mælieiningar eru notaðar ?

Gögn.

Mikilvægt er að tileinka sér þá hugsun að einhvers staðar þarf að byrja og í fyrstu eru mæliaðferðir og gögn frekar ónákvæm, en nákvæmnin er aukin eftir því sem verkefnið þróast. Til að byrja með er oft unnið með áætlaðar stærðir t.d. útfrá úrtökum.

Hver er þá þáttur endurskoðenda? Augljósasti þátturinn er vottun á þeim upplýsingum sem fram koma í umhverfisskýrslunni. Enn sem komið er eru ekki margar umhverfisskýrslur vottaðar. Önnur aðkoma er með aðstoð við gerð skýrslunnar t.d. við öflun gagna, aðstoð við breytingu á upplýsingakerfum í takt við nýjar þarfir, t.d. aukna þörf fyrir magnupplýsingar. Síðast, en ekki síst, er aðkoman í gegnum fyrirtæki endurskoðenda þar sem svo virðist sem þessi aðferðafræði falli nokkuð vel að þeirri hugsun sem við erum vön í hefðbundnari reikningsskilum.

Alþjóðlega endurskoðunar og ráðgjafar fyrirtækið Deloitte & Touche hefur þróað staðlaða aðferðafræði til setja fram umhverfisskýrslur. Fyrirtækið hefur lagt sérstaka áherslu á þetta svið, hefur forrystu á þessum vettvangi í heiminum og hefur m.a. hlotið viðurkenningu Sameinuðu þjóðanna fyrir framlag sitt.

Í janúar s.l. var haldin ráðstefna um græn

reikningsskil. Ráðstefnan var byrjunin á viðamiklu verkefni sem Samgönguráðuneytið hefur sett af stað og snýr að því að efla umhverfisstjórnun og semja græn reikningsskil fyrir ráðuneytið og stofnanir þess. Til að hrinda þessu í framkvæmd valdi ráðuneytið Deloitte & Touche sem ráðgjafa. Í apríl sendu ráðuneytið og stofnanir þess frá sér umhverfisskýrslu fyrir árið 1998. Skýrslan var aðeins fyrsti áfangi í þessum umfangsmikla verkefni og í þessum fyrsta áfanga var unnið með yfirstjórn eða hluta yfirstjórnar. Fleiri rekstrarþáttum verður bætt við á næstu tveimur árum.

Verkefni eins og græn reikningsskil leiða hugann að því að hefðbundinn ársreikningur er aðeins eitt sjónarhorn, af mörgum mögulegum, til að skoða og meta árangur af rekstri fyrirtækis. Við sjónarrönd eru e.t.v. fleiri gerðir reikningsskila, t.d. mannaúds-reikningsskil þar sem reynt er að gera á skipulegan hátt grein fyrir þeirri mannlegu þekkingu og hæfni sem fyrirtæki hefur yfir að ráða. Þróuð aðferðafræði við eignfærslu og afskriftir véla, verksmiðja og tækja hjálpar kannski lítið þegar gerð er grein fyrir starfsemi fyrirtækja sem selja mannlega hugsun.

Markmið: Fyrirtæki í sátt við umhverfið





Frá Menntunarnefnd FLE



Setning reglna um endurmenntun hefur ýtt við mörgum endurskoðandanum og lýsir það sér m.a. í góðri þátttöku á þeim ráðstefnum og námskeiðum sem þegar hafa verið haldin frá áramótum.

Fyrsta námskeið ársins á vegum FLE var haldið 14. janúar og efnið sem tekið var fyrir var „Gagnrýnin athugun á ársreikningalögnum með hliðsjón af tilskipunum Evrópusambandsins og alþjóðlegum reglum um reikningsskil“, . Fyrirlesari var Stefán Svavarsson og sóttu námskeiðið um 90 endurskoðendur.

22. janúar var síðan hinn hefðbundni „Skattadagur FLE“, og var hann sóttur af um 130 endurskoðendur.

28. janúar hélt prófessor Waymond Rodgers fyrirlestur sem hann nefndi „Non-Financial Effects on Auditors' Analysis of Prospective financial Statements“, .

Endurskoðendadagur

Komist hefur hefð á að halda endurskoðendadaginn að vori til og var hann að þessu sinni haldinn 21. apríl. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Enn um gæðamál“, og viðfangsefnið gæðastjórnun og gæðaeftirlit. Ráðstefnuna sóttu tæplega 80 endurskoðendur.

Á félagsfundi s.l. haust kynnti gæðanefnd félagsins fyrstu drög að reglum um gæðaeftirlit endurskoðenda. Samkvæmt 2. gr. 1. kafla þessara draga er markmið gæðaeftirlits eftirfarandi:

að hvetja og aðstoða félagsmenn og fyrirtæki þeirra til að uppfylla á hverjum tíma ströngustu kröfur sem gerðar eru til starfa þeirra,

að tryggja að endurskoðendur fullnægi þeirri þörf samfélagsins að veita ávallt þjónustu í hæsta gæðaflokki,

að sýna samfélaginu í reynd að endurskoðendur geri þær kröfur til sjálfra sín, að störf þeirra séu ávallt í hæsta gæðaflokki og viðhalda þar með trausti almennings á stéttinni.

Í framhaldi af þessari kynningu gæðanefndar á fyrstu drögum að gæðaeftirliti var ákveðið að fá upplýsingar um reynslu nágretta okkar af framkvæmd gæðaeftirlits í þeirra löndum. Fengnir voru tveir fyrirlesarar, Egil Eriksen frá norsku endurskoðunarsamtökunum og Jens Simonsen frá Deloitte & Touche í Danmörku. Í máli þeirra kom fram að grundvallarmunur er á gæðaeftirliti í Noregi og í Danmörku. Í Danmörku er gæðaeftirlitið með endurskoðunarfyrtækjum og þau geta valið sér gæðaeftirlitsmenn eða fyrirtæki. Í Noregi er gæðaeftirlitið með hverjum einstökum endurskoðanda og gæðaeftirlitsmenn eru skipaðir af gæðanefnd. Samkvæmt þeim drögum sem gæðanefnd FLE kynnti s.l. haust, skal gæðaeftirlitið ná til endurskoðenda að jafnaði á fimm ára fresti og skal gæðanefnd félagsins tilnefna endurskoðendur til gæðaeftirlitsstarfa.

Sveinn Jónsson, formaður gæðanefndar FLE, fjallaði um gæðamál og framkvæmd gæðaeftirlits og gæðastjórnunar.

Sveinn V. Ólafsson, verkefnisstjóri Staðlaráðs Íslands, fjallaði um staðlaröðina ISO 9000, en hún fjallar um gæðastjórnun og uppbyggingu gæðakerfa í fyrirtækjum. Gæðakerfin byggja á stöðluðum kröfum. Í ISO 9000 er sérstök áhersla lögð á gæðatryggingu (quality assurance) sem felur í sér kröfu um rekjanleika vörur og þjónustu í gegnum ferli fyrirtækisins.

Hallur A. Baldursson, framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Yddu, kynnti niðurstöður nýrrar viðhorfskönnunar stjórnenda fyrirtækja til endurskoðenda og starfa þeirra.

Mikil aukning hefur orðið á þátttöku félagsmanna á þau námskeið og fyrirlestra sem félagið hefur boðið upp á frá því að nýtt starfsár hófst. Rekja má þessa aukningu m.a. til hins nýja punktakerfis, en samkvæmt því þurfa endurskoðendur að sinna endurmenntun.

Menntunarnefnd vill minna félagsmenn á þau námskeið sem Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands stendur fyrir og eru m.a. ætluð endurskoðendur. Námskeið þessi gefa einingar skv. reglugerð um endurmenntun endurskoðenda.

Haustráðstefna félagsins verður væntanlega með hefðbundnum hætti, en þó er fyrirhugað að halda hana fyrir en áður. Á haustdögum er fyrirhugað að halda námskeið t.d. um tekjuskattskuldbindingu, samstæðureikningsskil og kynna tillögur að breytingu á framsetningu sjóðstreymis frá Reikningsskilaráði. Stefnt er að því að fjöldi þátttakenda verði takmarkaður á hverju námskeiði.



Áhugaverðar bækur og tímarit

Skatta- og tollatíðindi, 2. hefti

Fjármálaráðuneytið, yfirskattanevnd, ríkistollanevnd og ríkisskattstjóri. Ný lög og reglugerðir, dómur, úrskurðir yfirskattanevndar frá öðrum þriðjungi ársins 1997 og úrskurðir ríkistollanevndar frá 1997

Setting the Standards, Statutory Audit in Europe

Útgefið af FEE og fæst á skrifstofu FLE.

Statutory Audit Independence and Objectivity

Útgefið af FEE, fæst á skrifstofu FLE

Into the Twenty-first Century with Information Management

Útgefið af IFAC, fæst á skrifstofu FLE

The Measurement and Management of Intellectual Capital: An Introduction

Útgefið af IFAC, fæst á skrifstofu FLE

Til sölu á skrifstofu FLE

„Handbók endurskoðenda“. Útg. af FLE, 1996. Verð kr. 2.280

„Íðorðaskrá endurskoðenda“. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280

„FEE- The SME business guide to the Year 2000“. Höf: Lynn Craig og Mike Kusmirak. Útg. Cambridge Publishers Ltd 1998“. Verð kr. 1.600

„IFAC Handbook 1998, Technical Pronouncements“. Verð kr. 4.800

„IASC International Accounting Standards 1998“. Verð kr. 4.800

Fréttatilkynning frá IASC



IASC fagnar sögulegu ári

Í ársriti IASC fyrir árið 1998, Annual Review, beindu Sir Bryan Carsberg, framkvæmdastjóri IASC, og stjórnarformaður samtakanna, Stig Enevoldsen, sjónum að vel heppnuðum lokum verkefna er lúta að gerð grundvallarstaðla skv. samningi við International Organisation of Securities Commissions (IOSCO).

Eftirfarandi kom fram í greinargerð þeirra fyrir árið 1998, sem reyndar var 25. afmælisár IASC: „Unnt er að segja í fyrsta sinn að IASC hafi sett víðtæka staðla er ná til allra meginþátta viðskipta.“

Í ársritinu er því fagnað að fjármálaráðherrar og seðlabankastjórar sjö stærstu iðnríkjanna hafi á fundi sínum í Washington þann 3. október sl. lýst yfir ánægju og stuðningi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana (IAS). Í máli fjármálaráðherranna hafi komið fram að þeir „muni stuðla að því að tryggja að einkageirinn í viðkomandi löndum virði staðlana.“ Jafnframt er tilvísun í blaðinu í yfirlýsingu breska forsætisráðherrans, Tony Blair, í ræðu sem hann flutti á hlutabréfamarkaði New York þann 21. september í þá veru að „leiðtoga fundur sjö stærstu iðnveldanna auk Rússa hafi samþykkt nauðsyn þess að haldið verði áfram þróun alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna.“

Við lok helstu verkefna við gerð grundvallarstaðlana færast áherslan á IOSCO og stuðning samtakanna við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana. Í ársritinu er bent á að IOSCO hafi ekki, enn sem komið er, birt neinar tímasetningar um endurskoðun samtakanna á grundvallarstöðlunum.

Carsberg og Enevoldsen segja, hins vegar, að þeir séu „vissir um að IOSCO muni nálgast málið með sömu áherslu og fjármálaráðherrar og seðlabankastjórar sjö stærstu iðnríkjanna gerðu“.

Þótt gerð grundvallarstaðlanna hafi verið lokið árið 1998 hefur vinnuálagið hjá IASC ekki minnkað. IASC hefur þegar fjölmörg verkefni á dagskrá og ný verkefni eru í sjónmáli „þannig að mikil vinnan er framundan“. Sérhæfð reikningsskil fyrirtækja eru á dagskrá og lok staðlagerðar í landbúnaði, tryggingum og olíu- og námuvinnslu verður efst í forgangs röðinni. Þá hefur stjórn samtakanna hafið vinnu við verkefni er varða núvirðingu í viðskiptum og reikningshald í þróunarríkjunum og í löndum þar sem markaðir fara stækkandi. Hún hefur einnig hafið endurskoðun núverandi staðla um samruna fyrirtækja með tilliti til hlutverka kaupáðferðarinnar (purchase accounting) og samlegðaraðferðarinnar (pooling accounting).

Ásamt því að fjalla um staðalinn viðkenningu og mælingu á fjármálagum tækjum (Financial Instruments), sem samþykktur var á stjórnarfundum í desember 1998, er kastljósinu einnig beint að þátttöku í alþjóðlegu starfshópnum um fjármálag tæki. Starfshópurinn, sem stofnaður var að tillögu IASC árið 1997 samanstendur af fulltrúum 13 staðlastofnana og annarra stjórnvalda í viðkomandi ríkjum. Starfshópurinn var settur á laggirnar vegna þess að margir ofangreindra eru þeirrar skoðunar að gangverð (fair value measurement) sé eina ásættanlega langtímalausnin varðandi öll fjármálag tæki. Menn gerðu sér jafnframt grein fyrir því að frekari aðgerða væri þörf til þess að staðfesta eða hafna þessu viðhorfi, og til þess að takast á við ýmsa agnúa sem leysa verður áður en hægt er að gera slíka kröfu. Fram kemur að „á þessari stundu sé ekki hægt að segja neitt með vissu um niðurstöður þessarar vinnu, en aðilar starfshópsins telja mikilvægt að átta sig á því hvort frekari þróun reikningshalds fyrir fjármálag tæki sé æskileg.“



Á árinu 1998 var kynning tillagna framkvæmdahóps um endurskipulagningu IASC. Lykilatriði í tillögunum er að stuðla að því að staðlastofnanir verði aðilar að IASC. Fram kemur að: „Ef til vill verði unnt að eyða þeim mismun sem er á þjóðarstöðlum, annars vegar, og alþjóðlegum stöðlum, hins vegar, ef helstu staðlastofnanirnar sem málið varðar ná samkomulagi um að starfa saman að því markmiði.“

Framkvæmdahópurinn hefur jafnframt kynnt líkan að skipulagi IASC er gerir kleyft að samtökin nái þessu markmiði sínu. Fram kemur í ársriti IASC að um sé að ræða jákvætt skref fram á við.

Bæði Sir Bryan Carsberg og Stig Enevoldsen taka fram að þótt þeir séu mjög ánægðir með lok helstu verkefna er lúta að grundvallarstöðlunum, geri þeir sér jafnframt grein fyrir því að krefjandi verkefni séu framundan. „Ákvörðun um endurskipulagningu IASC verður ein mikilvægasta ákvörðun sem tekin hefur verið í sögu samtakanna.“ Báðir eru sannfærðir um að raunhæf lausn mála á árinu 1999 „muni gera IASC betur í stakk búið en nokkru sinni að þjóna þörfum fjárfesta og viðskiptalífs á næstu 25 árum“.

Þýtt/endursagt úr ensku

Frá stjórn FLE Þátttaka utan- félagsmanna



Færst hefur í vöxt að á endurskoðunarstofunum starfi sérfræðingar á öðrum sviðum en endurskoðun og séu jafnvel eigendur að stofunum. Samfara þessu hefur orðið vart við áhuga á því að þessir aðilar geti sótt námskeið og ráðstefnur á vegum FLE. Stjórn FLE hefur því ákveðið að leggja til að aðgangur verði opnaður fyrir slíka sérfræðinga þó þeir séu ekki og geti ekki orðið félagsmenn. Eftirfarandi eru drög að reglu um þátttöku annarra en félagsmanna á námskeiðum og ráðstefnum en ekki er gerð tillaga um að breyta fyrirkomulagi við hádegisfund, aðra félagsfund eða ársátíð. Hafi félagsmenn athugasemdir við neðangreinda tillögu stjórnarinnar er þeim bent á að koma þeim á framfæri við framkvæmdastjóra félagsins.

Drög að reglum um þátttöku utanfélagsmanna í ráðstefnum og námskeiðum á vegum FLE

Sérfræðingum í starfi á endurskoðunarstofum í eigu félagsmanna FLE er heimill aðgangur að ráðstefnum og námskeiðum á vegum FLE.

Ný heimasíða hjá Yfirskattanevnd

Heimasíða yfirskattanevndar á slóðinni www.yskn.is hefur verið opnuð. Er þar nú að finna birta úrskurði ríkisskattanevndar frá árunum 1990-1992 og úrskurði yfirskattanevndar frá árinu 1997, sem birtir hafa verið í Skatta- og tollatíðindum. Auk þess hefur verið sett upp leitarvél til leitar í úrskurðum. Þá eru á heimasíðunni ýmsar upplýsingar sem varða starfsemi yfirskattanevndar.

Ýmsar aðrar áhugaverðar heimasíður:

www.ifac.org

www.iasc.org.uk

www.fee.be

www.althingi.is

www.yskn.is


www.euro.fee.be

<http://ncdserver1.ncd.is/fle>

www.rsk.is



Ef þú ætlar að velja endurskoðanda fyrir fyrirtæki, effir hverju ferðu við valið?




Viðhorfskönnun til endurskoðenda.


PriceWaterhouseCoopers gekkst nýverið fyrir viðhorfskönnun meðal stjórnenda í atvinnulífinu um viðhorf þeirra til endurskoðenda. Haft var símasamband við 100 stærstu fyrirtæki landsins og samhljóða spurningar lagðar fyrir yfirmenn þeirra.

Þessi viðhorfskönnun var kynnt á „Endurskoðendadegi FLE“ nú nýverið af Halli A. Baldurssyni. Í máli hans kom fram að ímynd endurskoðenda er almennt góð og flestir telja sig fá þá þjónustu sem þeir óska eftir að endurskoðandinn veiti. Endurskoðendur mættu vera sýnilegri og koma meira að ráðgjöf varðandi rekstur fyrirtækja. Telja sumir, að upplýsingastreymi milli viðskiptavina og endurskoðenda mætti í einhverjum tilfellum vera betra.

Stjórn FLE mun á næstu vikum vinna úr niðurstöðum þessarar viðhorfskönnunar, en til fróðleiks fylgja hér með spurningar þær sem lagðar voru fyrir og svör þeirra 97% sem tóku þátt.




Hvernig telur þú að endurskoðendur hafi staðið sig í að aðlaga þjónustu sína að þörfum atvinnulífsins á síðastliðnum 5 árum?







Hversu mikilvægu hlutverki telur þú almennt að endurskoðendur gegni í rekstri fyrirtækja?




Þegar þú lest ársreikning félags, skiptir það þig miklu eða litlu máli að hann sé áritaður og endurskoðaður af endurskoðanda?




Ef endurskoðandi hefur áritað ársreikning með fyrirvaralausri áritun, telur þú þá að þar með séu stjórnendur lausir allra mála?




Telur þú endurskoðendur nægilega sýnilega í þjóðfélagsumræðunni?



A



B



A: Telur þú að gæði vinnu endurskoðenda standist þær kröfur sem eðlilegt er að gera til hennar?

B: Hvert er mat þitt á verðlagningu þjónustu endurskoðenda?



Fréttir frá ýmsum samtökum endurskoðenda



Frá Englandi og Wales: (The Institute of Chartered Accountants in England & Wales)

FLE barst geisladiskur þar sem er að finna „The 21st Century Annual Report“ frá The Institute of Chartered Accountants in England & Wales. Vefsíðan þeirra er www.icaew.co.uk/cbp og þar benda þeir endurskoðendum sérstaklega á að lesa um „a missed opportunity?“

FAR (Föreningen Auktoriserade Revisorer I Sverige).

Frændur okkar í Svíþjóð eru duglegir í útgáfumálum og eru bæklingar af ýmsu tagi til hér á skrifstofu FLE sem og tímarit, fréttabréf og blaðaúrklippur.

FSR (Foreningen af Statsautoriserede Revisorer I Danmark)

Tímarit og blaðaúrklippur berast reglulega.

Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða. Þessu til viðbótar berst mikið af innlendu lesefni.

Þeir félagsmenn FLE sem vilja líta á það efni sem berst eru hvattir til að koma við á skrifstofunni.

Af kaffistofunni

Félagsmenn eru hvattir til að skrifa greinar um ýmis mál er snúa að faginu og koma til umræðu á „kaffistofunni“, eða til þess að fá ýtarlegri umfjöllun um í blaðinu sjálfu.

Frá IASC

Sjá einnig heimasíðu IASC
<http://www.iasc.org.uk>

Alþjóðlegu reikningsskilastaðlana má nú fá á geisladiski. Þá má einnig nálgast á e-mail: iasc@iasc.org.uk eða vefsíðu <http://www.iasc.org.uk>

Frá IFAC

Sjá einnig heimasíðu IFAC
<http://www.ifac.org>

Meðal þess sem IFAC hefur gefið út og óskað hefur verið eftir að FLE kynni félagsmönnum sínum er:

„Internal Reference Manual, January 1999“, „The Special Considerations in the Audit of Small Entities“,

„Managing Information Technology Planning for business Impact“,

„Communications to Those Charged with Governance“ og

„Implications for Management and Auditors of the Year 2000 Issue“.

Fréttir frá Noregi

Í Noregi hafa verið starfandi tvö félög endurskoðenda þ.e. Norges Registrerte Revisorers Forening (NRRF) og Norges Statsautorisererte Revisorers Forening (NSRF) eða Félag skráðra endurskoðenda og Félag löggiltra endurskoðenda. Þann 1. janúar 1999 voru þessi félög sameinuð undir heitinu Den norske Revisorforening (DnR) eða The norwegian Institute of Public Accountants. Félagsmenn þessa nýja félags eru um 2800. Um 1200 þeirra tilheyrðu skráðum endurskoðendum en um 1600 þeim löggiltu. Framkvæmdastjóri DnR er Terje Grønn en hann gengdi áður sama starfi hjá NSRF. Vefslóði DnR er www.revisornett.no

Ýmist erlent efni

FLE berst mikið af tímaritum og bæklingum erlendis frá. Ekki er að efa að margt af þessu efni er áhugavert fyrir löggilta endurskoðendur að kynna sér. Rit þessi liggja ýmist frammi á skrifstofu félagsins, eða þá að uppgefnir hafa verið slóðar inn á vefsíður þar sem nánari upplýsingar er að finna.

Frá NIVRA (Hollandi)

Frá NIVRA (Nederlands Instituut van Registeraccountants): Focus 1, Audits of environmental reports: Are we witnessing the emergence of another expectation gap? Drs. Nancy Kamp-Roelands RA.



Golf FLE

Árni Tómasson
Einvaldur



Hér til hliðar má sjá áætlaða æfinga- og kappleikjaskrá fyrir árið 1999.

Fyrirkomulag í sveitakeppni verður með þannig hætti að mynduð verða 4 lið með ca. 6 í hverju liði. Skipaðir verða fyrirliðar sem hafa umsjón með sínum liðum. Alltaf verður um punktakeppni að ræða og er annars vegar um liðakeppni og hins vegar um einstaklingskeppni að ræða.

Fyrsta stigamót verður Scramble; tveir leika saman í liði, báðir slá, betri bolti valinn, báðir slá aftur frá þeim stað og velja betri bolta o.s.frv.

Annað stigamót verður Greesome; tveir leika saman í liði, báðir slá teighögg, betra teighögg valið og síðan slegið til skiptis.

Þriðja stigamót verður með GR-open fyrirkomulagi. Tveir leika saman í liði, högggleikur, betra skor á hverri holu. Full forgjöf.

Fyrirliðar hafa verið skipaðir en þeir eru:

A Guðjón Eyjólfsson

B Sigurður Tómasson

C Emil Th. Guðjónsson

D Reynir Kristjánsson

Með FLE-golf kveðju
Einvaldur

Æfinga- og kappleikjaskrá 1999

13.-17. maí

Æfingaferð til Skotlands, 7 hringir

29. maí, kl. 10:30

Íslandsbankamót, Vestmannaeyjar/Hella

15. júní, kl. 13:30

Korpúlfsstaðavöllur, stigamót nr. 1

30. júní, kl. 13:30

Keppni við lögmenn að Korpúlfsstöðum

29. júlí, kl. 13:30

Hella, stigamót nr. 2

10. ágúst, kl. 13:30

Keppni við tannlækna á Hellu

19. ágúst, kl. 13:30

Oddfellow-völlur, stigamót nr. 3

10. september, kl. 13:00

Meistaramót FLE í Grafarholti

Lok september

FLE-Ryder

Frá FEE (Fédération des Experts Comptables Européens)

Að Fee samtökunum standa 38 félög löggiltra endurskoðenda í Evrópu frá 26 löndum. Fee er þannig Evrópu-málsvari um 400.000 löggiltra endurskoðenda.

Vefsíða Fee Euro Information Services er: <http://www.euro.fee.be>

Fee hefur nýverið gefið út tvo bæklinga um Euro „Changing to the Euro-Advice to Midium Sized Enterprises“ og „The Euro: The Use of Triangulation“.

Fee hefur einnig gefið út ýmsa bæklinga tengda Evrópumálum. Þar má nefna: „The Business & Accounting Software Developers Association (BASDA)“, „Hyperion Solutions“, „The European Commission“ og „Towards a Generally Accepted Framework of Environmental Reporting“.

Fee óskaði eftir að FLE benti félagsmönnum sínum á að frekari upplýsingar um útgáfumál samtakanna mætti finna á vefsíðu samtakanna. Þar geta menn pantað sér eintök af því efni sem þeir hafa áhuga á að eignast.



Til hamingju með afmælið!

65 ára	Eyjólfur Guðmundsson	Endurskoðunarskrifstofa	18.07.1999
60 ára	Geir Geirsson	PricewaterhouseCoopers	04.05.1999
60 ára	Eyjólfur Sverrisson	Þjóðhagsstofnun	15.05.1999
60 ára	Skúli Guðnason	Endurskoðunarskrifstofa	21.07.1999
50 ára	Friðbjörn Björnsson	Endurskoðendur ehf.	06.03.1999
50 ára	Gunnar R. Einarsson		12.06.1999
40 ára	Theodór S. Sigurbergsson	Þema ehf.	06.04.1999
40 ára	Guðmundur Kjartansson	D&T Endurskoðun hf.	29.04.1999
40 ára	Óskar Sverrisson	KPMG	14.05.1999
40 ára	Hilmar A. Alfreðsson	Löggiltir endurskoðendur	12.07.1999
30 ára	Bogi Nils Bogason	KPMG	18.04.1999

Framkvæmdastjóra- skipti hjá FLE.

Um áramótin síðustu lét Ásta Bragadóttir af störfum sem framkvæmdastjóri FLE. Ástu verður sárt saknað bæði af stjórn félagsins og öðrum þeim fjölmörgu félagsmönnum sem kynntust henni og rösklegum vinnubrögðum hennar. Að eigin sögn líkaði Ástu vel við löggilta endurskoðendur þann tíma sem hún var hér í 60% starfi, en þessi dugmikla kona vildi gjarnan færa sig um set og í fullt starf. Hún starfar nú sem yfirmaður rekstrar- og starfsmannahalds hjá Íbúðalánasjóði. Við hljótum að óska Íbúðarlánasjóði til hamingju með Ástu, hún stóð sig með miklum ágætum hér og ekki er að efa að það munar um hana á nýja staðnum.

Nýr framkvæmdastjóri Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir var boðin velkomin til starfa þann 1. janúar sl. Arnbjörg er fyrrverandi framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands og einnig Tæknifræðingafélaga Íslands, eftir að þessi tvö félög sameinuðust með rekstur sinn. Á árum áður var Arnbjörg

framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands, svo segja má að hún þekki nokkuð til þeirra starfa sem fylgja félagsamtökum eins og okkar. Arnbjörg segir að hver dagur hjá verkfræðingum og tæknifræðingum hafi verið góður dagur og þar hafi hún eignast vini og velunnara sem hún komi til með að minnast. Um leið og Félag löggiltra endurskoðenda biður Arnbjörgu Eddu velkomna til starfa, vonumst við til að hjá FLE megi hún einnig eiga góða daga.

Þorvarður Gunnarsson
formaður FLE.

Pau mistök urðu við vinnslu síðasta fréttablaðs FLE að þrjú heiðursmenn voru sagði fimm árum eldri en þeir í raun eru. Þetta eru þeir Benóní Torfi Eggertsson, Bjarki Bjarnason og Jóhann Unnsteinsson. FLE-fréttir biðjast innilegrar afsökunar á þessum rangfærslum, og vona að þeim hafi ekki orðið meint af.

Frjálst er að nota efni blaðsins að hluta til eða í heild ef heimildir er getið.